

**Ed.**

**359. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 5, 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Frumvarpið orðist svo:

1. gr.

1. gr. laga nr. 5, 1. febr. 1917, orðist þannig:

Þangað til öðruvísi er ákveðið, heimilast landsstjórninni að gera ráðstafanir þær til að tryggja landið gegn afleiðingum af Norðurálfuófriðnum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Aftan við 3. tölulið 2. gr. laga nr. 5, 1. febr. 1917, bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

Að banna innflutning á vörum til landsins, nema með leyfi stjórnarinnar, og ákveða, hve mikið skuli lagt á vöruna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.